Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019060065

30. júní 2019

**Fiskislóð, nýjar gönguþveranir merktar með gangbrautarmerkingum**

Að ósk Faxaflóahafna er lagt til að tvær gönguþveranir þvert á Fiskislóð sitt hvoru megin við gatnamótin við Grunnslóð séu merktar sem gangbrautir með D02.11 og tilheyrandi yfirborðsmerkingu, M13.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Myndir til skýringar eru á næstu síðu.

Faxaflóahafnir vinna að bættu aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á Vesturhöfninni. Í sumar er ætlun þeirra að fara í nokkrar smærri aðgerðir m.a. merkingu þessara tveggja gönguþverana. Önnur þeirra er þar sem núverandi gönguþverun er við bílastæði Krónunnar, hin er ný og er austan gatnamótanna við Grunnslóð. Í tengslum við opnun nýs bíós við Fiskislóð á þessu ári var gerð talning á gangandi og hjólandi vegfarendum við Fiskislóð og er umferð þeirra töluverð.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála




*Mynd 1 Yfirlitsmynd.*




*Mynd 2 Núverandi gönguþverun yfir Fiskislóð vestan gatnamóta við Grunnslóð, sem lagt er til að merkja sem gangbraut.*




*Mynd 3 Tillaga að nýrri gönguþverun yfir Fiskislóð austan gatnamóta við Grunnslóð, sem lagt er til að merkja sem gangbraut.*